

# Skimanir í leikskólanum Bjarkatúni

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 segir að mat á námi, þroska og velferð barna feli í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Einn liður í þessu mati eru skimunarpróf. Tilgangurinn með skimunarprófum er að finna þau börn sem þarfnast sérstakrar athygli og stuðning. Börn sem gætu átt í erfiðleikum og eru seinni til en jafnaldrar. Sjaldnast koma niðurstöður skimana á óvart þar sem náðið er fylgst með börnunum á leikskólunum og kennararnir vita yfirleitt hver staða hvers og eins barns er. Skimunarpróf eru þó góð til að finna veikleika og styrkleika hjá einstaka barni og niðurstöðurnar hjálpa oft til við að skipuleggja áframhaldandi vinnu með barnið. Skimunarpróf eru lögð fyrir með samþykki foreldra. Þeir eiga líka rétt á að þeim séu kynntar niðurstöður og að leitað sé eftir samvinnu við þá um frekari úrræði ef þörf er á. Athygli skal vakin á því að niðurstöður skimana eru aðeins vísbendingar um hugsanlegan vanda barns en um leið tækifæri til að taka á vandanum og vinna áfram út frá þeim.

Leikskólakennarar í leikskólanum Bjarkatúni sjá um að leggja þau fyrir og nýta sér þær niðurstöður við skipulagningu þjálfunar og kennslu eða til annarra úrræða. Það er mikilvægt að kennarar nýti niðurstöður skimana börnunum til aukins þroska.

Á síðustu áratugum hefur áherslan í rannsóknum á lestrarerfiðleikum beinst sífellt meira að samspili málþroska og lesturs. Góður málþroski og þar með talin góð hljóðkerfisvitund, eykur líkurnar á farsælu lestrarnámi. Það er því mikilvægt að fylgjast náið með þeim þáttum sem vitað er að hafa áhrif hafa á framvindu lestrarnáms og grípa inn í ef þörf er á.

Hér verður stuttlega fjallað um þau próf sem notuð eru við skimun í leikskólum Bjarkatúni.

**Orðaskil** byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfis til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningargerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Foreldrar eða forráðamenn barnanna fylla út listann og skila í leikskólann. Túlkaþjónusta er í boði fyrir þau börn sem hafa íslensku sem annað tungumál því mikilvægt er að vita hvernig börnin standa að vígi á móðurmáli sínu. Niðurstöður prófsins eru afhentar foreldrum/forráðamönnum í sérstöku viðtali með þeim kennara sem tekur þær saman. Ef niðurstöður sýna þjálfunarþörf þá fer ákveðið ferli í gang í samráði foreldra og sérkennara leikskólans. Orðaskil er lagt fyrir öll börn leikskólans þegar þau ná 36 mánaða aldri.

**EFI-2** er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Til að meta málþroska barna þurfa viðmið að vera skýr og byggð á áreiðanlegu matstæki. EFI-2 er staðlað á Íslandi og er ætlað til notkunar í leikskólum. Prófið er myndabók sem barnið skoðar með kennara sínum og svarar ýmsum spurningum. Svör barnsins gefa vísbendingu um hvar það er stött í málþroskaferlinu. Út frá niðurstöðum er svo gripið til mismunandi úrræða. Það getur verið nánari greining hjá talmeinafræðingi til að kortleggja stöðuna betur eða þjálfun í ákveðnum málþroskaþáttum, allt eftir því hver niðurstaðan er.

**Hljóm 2** er einstaklingspróf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum Bjarkatúni. Það er hannað til að finna þau börn sem gætu verið í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Það er lagt fyrir öll leikskólabörn að hausti á síðasta ári í leikskóla. Með hliðsjón af niðurstöðum prófsins er síðan unnið með þau atriði sem þörf er á að þjálfa sérstaklega hjá hverju barni. Þeim er gjarnan skipt í hópa og áhersla lögð á það sem vinna þarf með. Hjá þeim börnum sem þurfa þykir er prófið er svo endurtekið að vori til að meta framfarir. Niðurstöður fylgja börnunum upp í grunnskólann þar sem þær eru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu lestrarnáms.

**TRAS** skráningin skimar eftir frávikum í mál og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi og snemmtæka íhlutun í huga og með honum er hægt að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. TRAS skráningarlistinn hefur verið þýddur og staðfærður fyrir íslenskar aðstæður. Markmið með TRAS skráningarlistanum eru þau að unnt sé að grípa inn með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik og að reynt sé að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávika. TRAS skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun hjá börnum á ákveðnum aldri. Skráningin hefst þegar barnið er rúmlega tveggja ára og lýkur við fimm ára aldur. Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili skráir leikskólakennari á skráningarblöð svör við ákveðnum spurningum um málþroska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum leikskólann. Ekki er um eiginlega fyrirlögn að ræða heldur leitar sá leikskólakennari sem best þekkir barnið svara við spurningunum á skráningarlistanum með því að fylgjast með barninu í leik og starfi, einnig ráðfærir kennarinn sig við annað starfsfólk. Niðurstöður skráningarinnar eru færðar inn í hring. Hringnum er skipt í þrjú aldursbil, tveggja til þriggja ára,

þriggja til fjögurra ára og fjögurra til fimm ára. Hvert aldursbil á sinn lit, t.d. á aldursbilið tveggja til þriggja ára bláan lit. Hver spurning á sinn reit og ef barnið hefur náð þeirri færni sem spurt er um, er litað í reitinn. Ef færnin er að nokkru leiti komin er skástrikað í reitinn. Ef færnin er ekki til staðar er ekki fyllt í reitinn. Þegar búið er að fylla í viðkomandi aldurbil er athugað hvort færni barnsins teygi sig í næsta aldursbil. Spurningarnar á TRAS skráningarlistanum flokkast undir þrjú færnisvið: samleikur, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting; málskilningur og málmeðvitund ; framburður, orðaforði og setningamyndun. Niðurstöður nota kennarar síðan til að ákveða hvernig best megi stuðla að framförum hjá barninu og þær kynntar í næsta foreldrasamtali.

**MÍÓ, stærðfræðiskimun fyrir leikskóla.** Í Aðalnámskrá leikskóla er talað um að skapa skuli aðstæður svo börnin vinni með og velti vöngum yfir stærðfræðilegum viðfangsefnum, svo sem tölum, táknum og mynstrum, sem og rými, fjarlægðum og áttum. Skimunartækið MIO er ætlað fyrir leikskóla til að greina styrkleika og veikleika barna á sviði stærðfræðinnar, mæta þeim þar sem þau standa og finna þau börn sem þurfa frekari athygli og tækifæri til að vinna með þá þætti sem tengjast stærðfræðinámi þeirra. MIO er matslisti, eða skimun, þar sem lagðar eru fyrir börnin allskonar þrautalausnir, rúmfræði, tölur og fleira. Niðurstöður hjá hverju barni fyrir sig eru settar í skífu og hæfni barnanna í þessum þáttum flokkuð eftir því. Þannig er hægt að sjá hvar barnið er statt hverju sinni og hvað þarf að leggja frekari áherslu á. Stærðfræði er nefnilega svo miklu meira en plús, mínus og deiling. Rúmfræði og rökhugsun er eitthvað sem við erum alltaf að nota. Rúmfræði er til dæmis að púsla eða setja saman 1 og 2. Svo þarf rökhugsun til að ákveða hvernig fötum á að fara í eftir veðri, hvaða flík við förum fyrst í og svo framvegis svo að stærðfræðin kemur víða við sögu í daglegu starfi í leikskólanum Bjarkatúni.

**Íslenska máhljóðamælirinn** sem er íslenskt skimunarpróf sem metur framburð, hljóðkerfispætti og skiljanleika tals hjá öllum börnum frá 3 ára aldri. Íslenski máhljóðamælirinn hentar vel til að forprófa öll börn á leik- og grunnskólaaldri til að meta hvar barnið stendur í framburði íslensku máhljóðanna og hvernig unnt er að koma sem best til móts við þarfir þeirra. Í skimunarforritið eru innbyggð aldursviðmið og strax kemur í ljós hvort að framburður barnsins samsvarar getu jafnaldra í framburði. Viss markhljóð eru könnuð á hverju aldursbili. Í lok skimunar býr Íslenski máhljóðamælirinn sjálfkrafa til skýrslu/samantekt um það hvernig barn stendur sig í að bera fram íslensk máhljóð. Þar kemur meðal annars fram hvaða máhljóð þarf að þjálfra. Skimun metur hvaða börnum þarf sérstaklega að gefa gaum að vegna framburðar með tilliti til áframhaldandi tilvísunar og inngrips strax eftir skimun. Skimun kemur ekki í stað prófunar talmeinafræðings en með þessum hætti getum við gert ráðstafanir fyrir hvert og eitt barn því aðeins þau sem vantar mörg máhljóð hafa rétt á því að sækja tíma hjá talmeinafræðing eða koma til í sérkennslu. Megin markmið okkar með þessari skimun er að leikskólinn Bjarkatún muni með snemmtækri íhlutun koma til mót við þarfir allra barnanna okkar óháð því hversu framburðarfrávikin eru mörg. Að okkar mati er mjög mikilvægt að fylgjast vel með framburði barnanna okkar í leikskólanum, laða fram réttan framburð og efla hljóðavitund þeirra því þetta eru mjög mikilvægir grunnþættir fyrir læsi. Þá er ekki síst mikilvægt að vita hvort þörf er á að vísa barni beint til talmeinafræðings svo ekki komi til óþarfa bið, enda biðlistar eftir talþjálfun langir. Með Íslenska máhljóðamælinum er hægt að draga úr áhyggjum fagfólks og foreldra og grípa til viðeigandi ráðstafana á réttum tímamarki í lífi barns. Okkar ráðstafanir eru þær að ef börnunum vantar einhver hljóð fara þau í Hljóðahópstíma hjá Hugrónu. Þar munum við þjálfra þau hljóð sem vantar í smáum hópum og notum við kennsluefnið frá Lærum og leikum með hljóðin og förum í skemmtilega leiki sem kenna þeim að ná tökum á þeim máhljóðum sem þarf að æfa.

Í sérkennslu eru fleiri skimunartæki notuð til að fá sem skýrasta mynd af barninu. Niðurstöður þeirra skimana eru nýttar við gerð einstaklingsnámskrár og til að skipuleggja íhlutun í framhaldinu.

**AEPS-matskerfið** (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) er hagnýtt tæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár. Lögð er áhersla á samstarf foreldra og fagfólks við gerð markmiða og sérstakur matslisti fyrir foreldra fylgir. AEPS-matskerfið nýtist til að meta færni barna á sex þroskasviðum: Fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili.

**ASEBA-matslistar** um hegðun og líðan barna: Spurningalisti yfir atferli barna og unglunga á aldrinum 6-18 ára: Child Behaviour Checklis. Listinn er lagður fyrir foreldra eða aðra nána ættingja auk kennara sem taka afstöðu til 118 fullyrðinga um hegðun barnsins; félagslegra tengsla, frammistöðu í námi sem og hegðunar-/tilfinningalegra erfiðleika.